




Ársskýrsla

Æskulýðsnefndar Mána

2013

Samantekt



Skýrsla Æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Mána 2013


Við mæðgur tókum við Æskulýðsnefndinni hjá Mána og vildum leggja mikinn metnað í að hafa þetta skemmtilegan og fjölbreyttan vetur fyrir krakkana og þjappa hópnum saman og fá sem flesta til að taka þátt í starfinu.

Vetrarstarfið hófst hjá okkur 6. febrúar og vorum við þá með leikjadag. Það var fjölmennt allt frá börnum 1 árs upp í unglinga og ungmenni og gaman að sjá foreldrana taka þátt með yngstu börnin. Við fórum í alls kyns leiki s.s kynningarleik, dimmalimmalimm, hlaupa í skarð, kötturinn & músin, boðhlaup, pokahlaup og svo mætti lengi telja. Við tókum okkur svo nestishlé og var á boðstólnum heimabakaðar skúffukökur og muffins og djús með. Þetta datt ofan í svanga maga og viti menn aðeins 5 muffins eftir. Krakkarnir vildu ólm byrja leikina aftur og var gaman hjá þeim að hafa reidhöllina út af fyrir sig.



Glæsileg sýning hjá Snorra Dal og fjölskyldu 21.febrúar

Æskulýðsnefndinni tók að sér að sjá um sjoppuna. Við ákváðum að hafa smá tilbreytingu og ekki hafa opna sjoppu allan tímann heldur í hléinu höfðum við kaffihlaðbord og allir gátu komið og greitt aðeins 500 krónur fyrir það og drykkur innifalinn og einnig frí ábót. Það var virkilega vel heppnað og gaman að sjá fólkið & börnin setjast niður á sama tíma og fá sér að borða og spjalla í leiðinni. Í hlaðbordinu vorum við með m.a skúffukökur, pönnukökur, jólakökur, möffins, rískökur, smurt brauð og rúllutertur með eggjasalati, túnfisksalati svo voru drykkir kvöldsins kaffi og blandaður appelsínudjús.




Smali – Mót fyrir krakkana var haldið 3.mars

Það voru teymdir pollar - ríðandi pollar - barnaflokkur - unglingaflokkur

(ungmennaflokkur hefur aldur í Smalamót fullordinna)

Við gerðum skemmtilega braut fyrir krakkana, farið á milli staura síkk sakk, taka derhúfu af staur og flytja á næsta staur, slanga gegnum keilur , flytja íslenska fánann af einu priki yfir á það næsta, og fara gegnum hlið í lokin. Það voru sýnd mjög góð tilþrif í brautinni. Margir tóku þátt í þessu með okkur m.a áhorfendur í stúku, knaparnir , aðstoðarfolk og styrktaraðilar mótsins.

Við vorum með kaffi, djús & muffins á boðstólnum fyrir áhorfendur og krakkana.



9.mars Reiðnámskeið hafin

Í mars og apríl voru reiðnámskeið fyrir börnin inni í Reidhöllinni . Skipt í hópa eftir aldri og getu.


Farir í grundvallaratrifi reidmennskunar ásamt því að miða við getu hvers og eins einstaklings.

Kennari var Sigurður Kolbeinsson og voru krakkarnir alsæl í lok námskeiðs enda búin að læra margt nýtt og mikil framför hjá krökkunum. Pylsuveisla var svo í lok námskeiðs & grillaðir sykurpúðar .

Æskulýðsnefndin sá um veitingar á Fólaldasýningu Mána þann 15.mars

Við ákáðum að hafa aftur hið geysivinsæla kaffihlaðbord , á boðstólnum var partý skinka, slátur, grænmetisalat, smurðar brauðsneiðar með hinu ýsma áleggi s.s bjúgu, eggjum, roastbeef, skinku,osti og fl. Einnig var rúgbrauð með kæfu og síld. Svo voru eftirréttir s.s eplakökur, rjómakökur,möffins, skúffukökur og auðvitað rjómi með.

Mjög góð mæting var á sýninguna og fóru veitingar langt.



26.mars var Páskaleit og föndur í Reiðhöllinni

Tókum ákvörðun um að breyta aðeins til og sleppa páskabíngóinu og prufa páskaleit og föndur í staðinn.

Við byrjuðum á því að mála strákústa það voru bæði litlir & stórir kústar í boði og hvorki meira né minna en 20 litir að velja úr og glimmer og skraut. Börnin voru mjög einbeitt að mála enda Risapáskaegg frá Nóa & Síríus í verðlaun fyrir flottasta kústinn. Þeir sem voru búnir að mála fóru í leiki á meðan. Smá páska var gerð og fengu börn & krakkar grillaðar samlokur, slátur og djús. Við enduðum viðburðinn á páskaeggjaleitinni, 40 páskaegg voru falin bæði inni í reidhöll og úti á hringvelli og spennan leyndi sér ekki hjá börnunum og voru þau dugleg að finna páskegg fyrir sig og sína og var 1 egg á mann að stærðinni 5.

Það má til gamans geta að Klara Penalver vann til verðlauna fyrir flottasta kústinn.





12.apríl var Toyota – töltmótið í Reiðhöllinni

Þetta er nýr viðburður hjá okkur í Æskulýðsnefndinni og vonum við að við getum haft þetta að árlegum viðburði hjá okkur. Mjög góð skráning var á mótið yfir 40 skráningar.

Keppt var í tölti í flokkunum teymdir pollar- ríðandi pollar- barnaflokkur – unglingaflokkur – ungmennaflokkur og óhætt að segja að Mánamenn hafi fyllt höllina og stutt vel við krakkana.

Eftir mótið var svo Diskótekið Ó Dollý og pizzaveisla í boði Dominos.

Krakkarnir dönsuðu fram á kvöld og mikið stuð var í reiðhöllinni . Og ekki má gleyma því að þema kvöldsins var Diskó og veittur var sérstakur eignabíkar fyrir flottasta diskópar kvöldsins s.s knapi & hestur, parið sem fékk þau verðlaun voru Gyða Sveinbjörg og Sýlvía frá Reykjum.



19-21. apríl var Opna íþróttamót Mána

Við hjá Æskulýðsnefndinni tókum að okkur Veitinga & kaffisölu fyrir mótið. Við vorum með samlokur langlokur, drykki og kaffi. Einnig vorum við með alls kyns kökur, vöffur og sælgæti. Nóg var úrvalið á góðu verði. Krakkarnir voru rosalega dugleg að hjálpa til og afgreiða og þótti þeim það mjög gaman og skiptust þau á að vera með okkur milli þess sem þau voru auðvitað að keppa líka.

Svo það var góð innkoma sem safnaðist fyrir krakkana í Æskulýðssjóðinn.



25.maí var Vetrarslútt Æskulýðsnefndar Mána


Og ferðanefnd Mána í sameiningu

FARIÐ VAR Í FJÖLSKYLDUREIÐTÚR SEM HENTAÐI KRÖKKUM Á ÖLLUM ALDRI. EFTIR REIÐTÚRINN VAR GRILLVEISLA Í REIÐHÖLLINNI FYRIR KRAKKANA OG AUÐVITAÐ FORELDRANA LÍKA . SVO VAR HAFT GAMAN SAMAN FARIÐ Í LEIKI OG FLEIRA SKEMMTILEG. ÓVÆNTUR GESTUR KOM Í HEIMSÓKN TIL OKKAR ÞAÐ VAR HIÐ EINA SANNA NJARÐVÍKURLJÓN OG VORU KRAKKARNIR ALVEG GÁTTUÐ AÐ SJÁ GESTINN OG ÞURFTU SUM ÞEIRRA YNGSTU SMÁ TÍMA TIL AÐ VENJAST SVONA STÓRU LJÓNI . SVO VORU ÞAU NÚ FLJÓT AÐ BJÓÐA LJÓNINU Í ALLS KYNS LEIKI MEÐ SÉR OG LEIDDIST ÞAÐ NÚ ENGUM.



Reiðskóli Sumar 2013

Reiðskóli Mána fyrir Æskulýðsnefnd Mána var að sjálfsögðu með námskeið fyrir börn og krakka á öllum aldri, hægt að velja um námskeið 1 viku eða 2 vikur og tímabil alveg frá júní fram í ágús



Áttum virkilega skemmtilegt & eftirminnilegt tímabil

með þessum flottu & duglegu krökkum í Mána

Og frábæru fólki úr félaginu sem var boðið og búið að aðstoða okkur í einu og öllu

Ásamt öllum þeim fyrirtækjum sem styrktu okkur í starfinu,

Með kveðju

Linda Helgadóttir & Helena Sjöfn Guðjónsdóttir

